
Regnbogans stræti

Skrifað af Trausti - 2019/08/07 00:01

Kæru vinir, það er B dagur í dag!

Regnbogans stræti kom í hús í kvöld og er búin að vera undir geislanum síðan. Þar verður hún næstu vikurnar þar til fullkomnum heilapvætti er náð. Það er of langt frá síðustu plötu svo þessi er mjög kærkomin. Ég ætla ekki að fara að garga hérna með upphrópunarmerkjum að þetta sé meistarastykki eða neitt slíkt. Ég þarf þess ekki.

Ég segi bara að þarna er lag sem sannar það að Bubbi er bestur. Ég er að tala um yfirburðarlag. Lag sem snertir mann á þann hátt sem enginn annar getur. Hann á nokkur slík, ekkert mjög mörg. En nógu mörg til að enginn annar á séns í hásetið. Það gefur þessu lagi meira gildi að hafa farið á tónleika og heyrt Bubba segja söguna af Magga í Bristol.

Annað dæmi um yfirburðina er td þessi lína, sem er þó ekki úr fyrrnefndu lagi "Eins og lífið fyrirgefur dauðanum allt, fyrirgefur dauðanum lífinu þúsundfalt". Svona gerir enginn nema Bubbi. Kaupið plötuna Regnbogans stræti. Setjist niður með textablaðið og slökkvið á símanum. Bubbi á það inni hjá ykkur, og það sem er.....þið eigið það inni hjá ykkur sjálfum.

Kv T

=====

Re:Regnbogans stræti

Skrifað af Páll Sævar - 2019/08/15 12:36

Ég er búinn að hlusta á þessa plötu mörgum sinnum enda í sumarfríi. Þessi plata er svakalega góð og í raun langt síðan að Bubbi hefur sent frá sér jafn góða plötu.

Titillag plötunar hefur fengið marga sem hafa yfirgefið Bubba til að snúa aftur. "Það er sannleikur í lífinu menn ljúga" er hreint út sagt ótrúlega á hrifarík lína og neglir mann alveg við lagið.

Límdu saman heiminn minn er flottur rokkari og ég hef það á tilfinningunni að þetta sé gamalt EGO lag.

Án þín sem Bubbi samdi fyrir Katrínu Halldóru er frábært lag. Ótrúlega fallegur söngur hjá þeim báðum. Sagan sem Bubbi sagði um hann hafi samið nokkur lög fyrir Katrínu til að syngja með en hún hafi hafnað þeim þar til að Án þín kom til sögunnar er frábær. Þetta er vinna saman sannir listamenn.

Bubbi til hamingju með þessa frábærtu plötu og gangi þér vel.

=====

Re:Regnbogans stræti

Skrifað af Jakkalakkí - 2019/08/16 04:24

Þrælgóð plata. Það sem Bubbi getur búið til af grípandi melódíum er í raun ótrúlegt. Ég nenni ekki að væla mikið yfir textunum, en augljóst að það hefur farið meiri vinna í Regnbogans stræti en alla hina textana til samans. Ef Bubbi vill vera "relevant" tónlistarmaður þá skiptir þetta bara svo miklu máli. Hins vegar kvarta ég ekki yfir því að 63 ára maðurinn sé enn að dæla út góðu plötum. Það er algjört einsdæmi.

Mörg fín lög á plötunni, en sérstaklega finnst mér síðustu tvö lög skemmtileg (skemmtilegur Springsteen-fílingur eins og Arnar Eggert benti á) og Skrííííða er ofið inn í heilabörkinn á mér. Ég furða mig þínu á lögunum sem valin voru til útvarpsspilunar. Lagið með henni Katrínu er fallegt, en kemistrían finnst mér ekki vera til staðar og textinn er einhver útþynnt útgáfa af Það er gott að elska. Límdu saman heiminn minn mætti finnst einhver veginn óhnitmiðað - eins og það mætti vera svona einni og hálfri mínutu styttra.

=====